



Fundur fræðslunefndar 25. nóvember 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd fimmtudagninn 25. nóv. 2015

kl. 11:45 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Hafþór Róbertsson, Fjóla Valsdóttir, Jón Haraldsson. Einnig kom á fundinn Aðalbjörn Björnsson, Steingrímur Árnason, Svava Birna Stefánsdóttir, Sandra Konráðsdóttir og Hafrún Róbertsdóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Foreldrakönnun vegna sumarfrís í leikskólanum 2016.

Sandra upplýsti fundarmenn um það að könnun verði gerð meðal foreldra barna á leikskólanum fyrir næsta sumar þar sem boðið verði upp á tvo möguleika. Frá 16. júní – 21. júlí og 7. júlí – 11. ágúst. Nefndin samþykkti að þessi könnun verði gerð og niðurstaðan síðan lögð fyrir hana.

3. mál

Exel-kvarði vegna mats á leikskólastarfi.

Þetta mat er alsherjarmat sem allir starfsmenn Brekkubæjar taka þátt í. Þar er kannað nánast allt er við kemur skólanum, búnaður, samskipti starfsfólks, nemenda, líðan og svo mætti lengi telja. Niðurstaðan er síðan færð inn í Exel-kvarðan þar sem hver þáttur fær sína einkunn. Þannig geta stjórnendur séð hvað þar að bæta. Þetta er síðan rætt á starfsmannafundum og gerð er umbótaáætlun og út frá því framkvæmdaáætlun til úrbóta.

Nefndarmenn voru mjög ánægðir og sáttir við þessi vinnubrögð skólans og töldu þetta mjög til fyrirmyndar og gerði góðan skóla betri.

4. mál

Niðurstöður samræmdra prófa og skimana haustið 2015.

Það kom fram í máli Aðalbjörns að Námsmatstofnun gerir ekki meðaltalssamanburð á skólum sem eru með færri nemendur en 12. Við föllum því ekki undir það. Aðalbjörn hafði reiknað meðaltal hjá 4. og 7. bekk og þar kom fram að nemendur standa sig mjög vel og eru í báðum greinum yfir meðaltali í Norð-austurkjördæmi og sambærileg eða betri en landið allt. Það eru breyttar aðferðir í 10. bekk eins og kynnt hefur verið og fer nú einkunnargjöf fram í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, og D). Þar er gefið í prósentum fyrir hver flokk. Samkvæmt töflunni sem við fengum er þokkaleg niðurstaða í stærðfræði og ensku, en meiri dreifing milli flokka í íslensku, þar mætti gera betur.

Það kom einnig fram í máli Aðalbjörns að unnið er eftir "Bættur námsárangur" þar sem nemendur eru þjálfaðir í reikniaðgerðum. Bætt hefur verið við kennslustundum þar (hópar í upprifjun í reikniaðgerðum). Talnalykillinn (aðferð við að kanna reikniðagerðir) kom þokkalega út, þarf þó að bæta nokkra þætti.

5. mál

Kynning á skipulagi ípróttá- og félagsstarfi vegna skólaaksturs.

Aðalbjörn fór yfir stöðu mála, þar kom fram að alla daga nema mánudaga er 1. – 4. bekk ekið heim kl. 15:00, á mánudögum er ekið heim kl. 14:00.

Eldri bekkjunum 5. – 10. bekk er ekið heim eftir því hvenær félags eða ípróttáæfingum lýkur (aðeins ekið heim af æfingum, eða félagsstarfi). Það kom einni fram að mikil sátt er í skólasamfélaginu og nefndarfólki með þetta fyrirkomulagt sem er í gildi. Skólastjóri ætlar að gera úttekt (t.d. í mánuð) á ferðafjölda vegna félagsstarfsstarfa til að gera sér betur grein fyrir kostnaði viðbótarferða í skólaakstrinum.

6. mál

Staða fyrirhugaðrar framhaldsskóladeildar á Vopnafirði.

Lögð var fram fundargerð frá síðasta fundi stýrihóps um stofnun deildarinnar sem var haldinn 24. nóv. 2015. Formaður fór yfir helstu atriði fundargerðarinnar, þar kom fram að vinnan er í fullum gangi og beðið er eftir fjárveitingu frá ríkinu til að taka næstu skref.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00

Hafþór Róbertsson